



Fundargerð hreppsráðs 4.júní 2020

Fundur nr. 17 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 4. Júní 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Íris Grímsdóttir og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

a. Fræðslunefnd 20.5

Lagt fram til kynningar. Hreppsráð lýsir ánægju sinni með það að verið sé að kanna möguleikann á tungumálakennslu fyrir tvítyngd börn.

b. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga – ársreikningur og fundur nr. 58

Lagt fram til kynningar.

c. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 11.5

Lagt fram til kynningar.

d. 884. Fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

e. Aðalfundur og ársskýrsla SFV

Lagt fram til kynningar.

f. Skipulags og umhverfisnefnd 2.6

i. Lýsing á deiliskipulagi vegna Þverárvirkjunar

Hreppsráð samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst og kynnt með vinnslutillögum á breytingu á aðalskipulaginu á Þverárvirkjun og streng yfir Hellisheiði. Samþykkt samhljóða.

ii. Húsnæðismál – stofnframlag

Hreppsráð tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar sem er svohljóðandi: „Skipulags- og umhverfisnefnd telur framkvæmdina vera í samræmi við landnotkun, byggðarmynstur og þéttleika byggðar og leggur til að húsin tvö fari í grenndarkynningu og þau skuli grenndarkynnt í allri Skálanesgötu og í Kolbeinsgötu 42 - 64.“ og felur sveitarstjóra að koma framkvæmdinni í grenndarkynningu. Einnig tekur hreppsráð undir það að unnið verði að deiliskipulagi í íbúabyggð. Samþykkt samhljóða.

2. Almenn mál

a. Ársreikningur 2019 – síðari umræða

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps vegna 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu sveitarstjórnar í seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

b. Sumarleyfi sveitarstjórnar og hreppsráðs

Hreppsráð leggur til að sumarleyfi sveitarstjórnar frá hefðbundnum fundarhöldum verða á tímabilinu 19.júní til og með 19.ágúst. Fyrsti fundur sveitarstjórnar eftir sumarleyfi verður 20.ágúst. Á meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer hreppsráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella. Samþykkt samhljóða.

c. Rekstur mötuneyta Vopnafjarðarhrepps

Minnisblað um rekstur mötuneyta Vopnafjarðarhrepps lagt fram. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með hluaðeigandi aðilum. Samþykkt samhljóða.

d. Umsókn um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga v/byggingu leiguíbúða

Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 170.000.000, til allt að 37 ára, í samræmi við samþykktu lánsúmsókn sem liggur fyrir á fundinum og sem hreppsráð hefur kynnt sér.

Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, affalla auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu félagslegs húsnæðis sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr.

150/2006.

Jafnframt er Baldri Kjartanssýni, fjármálastjóra Vopnafjarðarhrepps, kt. 300160-4849, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Vopnafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyriræli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns. Samþykkt samhljóða.

e. Aðalfundur SSA 23.júní

Lagt fram til kynningar, kosnir verða fulltrúar Vopnafjarðarhrepps á aðalfund SSA á næsta sveitarstjórnarfund, 18.júní 2020. Þrír aðalmenn og þrír til vara.

f. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 12.júní

Lagt fram til kynningar.

g. Stofnaðilar Starfsendurhæfingar Austurlands – tilnefningar í stjórn StarfA

Lagt fram til kynningar.

h. Drög að samningi um heiðarkofa Vopnafjarðarhrepps

Drög að samningi um heiðarkofa Vopnafjarðarhrepps lagður fram. Vísað til sveitarstjórnarfundar 18.júní 2020.

3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Bréf frá Sigurði Inga Jóhannssýni, samgöngu og sveitarstjórnarráðherra varðandi Covid-19 faraldurinn

Lagt fram til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 10:05.